

**3221. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
28. september 2017 og hófst hann kl. 08:15**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg P. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes Karl Guðjónsson varaáheyrnarfulltrúi, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1701009 - Fundargerðir 2017 - menningar- og safnanefnd

45. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 26. september 2017.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

2. 1709159 - Skólamatur - kynning

Kynning frá forsvarsmönnum Skólamatar ehf. Skóla- og frístundaráð ásamt starfsfólkni af skóla- og frístundasviði taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar fulltrúum Skólamatar ehf. fyrir afar áhugaverða kynningu og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

3. 1703194 - Starfshópur um framtíðaruppbryggingu á Jaðarsbökkum

Kynning á hugmyndum starfshóps um uppbryggingu á Jaðarsbökkum. Skóla- og frístundaráð situr áfram á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar starfshópnum fyrir kynninguna og felur honum að vinna áfram að hugmyndarvinnu um uppbryggingu á svæðinu í samræmi við umræður á fundinum.

Bæjarráð óskar eftir að starfshópurinn skili áfangaskýrslu fyrir 1. desember næstkomandi.

4. 1709132 - SSV - aukaaðalfundur 11. október 2017

Erindi SSV um aukaaðalfund sem fram fer þann 11. október nk. í kjölfar haustþings SSV.

Bæjarráð samþykkir að Ólafur Adolfsson, Rakel Óskarsdóttir, Vilborg P. Guðbjartsdóttir, Ingibjörg Valdimarsdóttir og Sigrún Inga Guðnadóttir auk bæjarstjóra verði fulltrúar Akraneskaupstaðar á fundinum.

5. 1709050 - SSV - haustþing 2017

Fulltrúar Akraneskaupstaðar á haustþing SSV sem haldið verður á Gamla Kaupféluginu þann 11. október nk.

Bæjarráð samþykkir að Ólafur Adolfsson, Rakel Óskarsdóttir, Vilborg P. Guðbjartsdóttir, Ingibjörg Valdimarsdóttir og Sigrún Inga Guðnadóttir auk bæjarstjóra verði fulltrúar Akraneskaupstaðar á fundinum.

6. 1709106 - Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2017

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin þann 5. og 6. október nk. á Hilton Reykjavík Nordica.

Bæjarráð samþykkir að bæjarfulltrúarnir Ólafur Adolfsson, Ingibjörg Valdimarsdóttir, Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir og Ingibjörg Pálmadóttir sækji ráðstefnuna. Auk bæjarfulltrúa munu sviðsstjórar, fjármálastjóri og verkefnastjórar á stjórnsýslu- og fjármálasviði einnig sækja ráðstefnuna.

7. 1709152 - Jöfnunarsjóður - ársfundur 2017

Fundarboð á ársfund Jöfnunarsjóðs 2017 sem haldinn verður þann 4. október næstkomandi á Hilton Reykjavík Nordica kl. 16:00.

Bæjarráð samþykkir að bæjarfulltrúinn Ólafur Adolfsson sækji ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

8. 1708093 - Forsendur fjárhagsáætlunar 2018

Forsendur fjárhagsáætlunar 2018.

Bæjarráð samþykkir forsendur fjárhagsáætlunar Akraneskaupstaðar fyrir árið 2018.

9. 1708079 - Seljuskógar 10-12 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn RAF-PRO ehf. um byggingarlóð að Seljuskóum 10-12. Umsóknargjald hefur verið greitt og er því umsókn tæk til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnarinnar að Seljuskóum 10-12 til umsækjanda.

10. 1709102 - Baugalundur 11 - Umsókn um byggingarlóð

Umsókn Jónínu Drafnar Pálsdóttur um byggingarlóð að Baugalundi 11. Umsóknargjald hefur verið greitt og er því umsóknin tæk til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnarinnar að Baugalundi 11 til umsækjanda.

11. 1709117 - Faxaflóahafnir - möguleg eignaskipti

Svarbréf stjórnar Faxaflóahafna vegna erindi Akraneskaupstaðar dags. 15. september sl. um möguleg eignarskipti Akraneskaupstaðar og Faxaflóahafna.

Bæjarráð þakkar stjórn Faxaflóahafna fyrir erindið og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins með hafnarstjóra.

12. 1709124 - Viti á Akranesi frá 1891

Erindi stjórnar Faxaflóahafna dags. 18. september sl. um tilgata um vita frá 1891.

Bæjarráð þakkar fyrir áhugavert erindi og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

STP
OJ

13. 1709138 - Neytendasamtökin - styrkbeiðni

Beiðni Neytendasamtakana um styrkveitingu.

Bæjarráð þakkar fyrir erindið en getur því miður ekki orðið við því að svo stöddu.

14. 1709112 - Þjónusta sveitarfélaga - Gallup könnun

Erindi Gallup um árlegu könnun meðal íbúa 19 stærstu sveitarfélaga landsins fer af stað nú í lok september/ byrjun október.

Bæjarráð samþykkir að Akraneskaupstaður taki þátt í könnun Gallup um þjónustu sveitarfélaga 2017. Kostnaði vegna þessa verður ráðstafað af lið 20830-4995.

15. 1610130 - Jólaævintýri í Garðalundi

Erindi menningar- og safnanefndar um samstarfssamnings við Muninn kvíkmyndagerð ehf. um Jólaævintýri í Garðalundi.

Bæjarráð samþykkir erindi menningar- og safnanefndar og felur bæjarstjóra í samráði við forstöðumann menningar- og safnamála frekari úrvinnslu málsins og undirritun samstarfssamningsins í samræmi við umræður á fundinum.

16. 1709125 - Stillholt 16-18 - viðgerð á húsi

Fyrir liggur ástandsskýrsla vegna húsnaðisins og þörf á endurbótum.

Eigendur hafa til skoðunar hvaða aðgerðir rétt er að ráðast í og á hve löngum löngum tíma.

Akraneskaupstaður á 22% eignarhlut í húsnaðinu.

Lagt fram til kynningar.

17. 1706042 - Íbúðir í eigu Íbúðaláanasjóðs á Akranesi

Íbúðaláanasjóður hafði samband við sveitarfélög með það í huga að bjóða þeim til viðræðna um möguleg kaup þeirra fasteigna í eigu sjóðsins innan viðkomandi sveitarfélags. Velferðar- og mannréttindaráð tók málid fyrir á fundi sínum og taldi þörf á að Akraneskaupstaður hefði yfir að ráða leighúsnæði fyrir skjólstæðinga sína. Ráðið vísaði ákvörðun sinni til bæjarráðs. Bæjarráð samþykkti að kannað yrði frekar verðmæti þeirra eigna Íbúðarláanasjóð sem voru í söluferli. Ákveðið var að skoða verðmæti einnar eignar sem talið er að geti nýst vel fyrir þá íbúa sem eru á biðlista eftir félagslegu leighúsnæði og var gert tilboð í þá eign með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir tilboð Íbúðaláanasjóðs um kaup á eign að Einigrund 8, íbúð 20102, samtals að fjárhæð 18,5 mkr.

Bæjarráð samþykkir breytingu á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2017 sem hækkar áætlunina úr 759 mkr. í 777,5 mkr. og verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Bæjarráð vísar ákvörðun sinni um breytingar á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun til samþykktar í bæjarstjórn og til staðfestingar í viðauka.

SF
JA

18. 1709009 - Starfsmannahald Fjöliðunnar beiðni um aukningu á stöðuhlutfalli


Á 66. fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 20. september 2017 var fjallað um starfsmannahald í Fjöliðunni vinnu- og hæfingarstað og beiðni um aukningu á starfshlutfalli.

Velferðar- og mannréttindaráð mælir með því við bæjarráð að veita heimild fyrir ráðningu þroskabjálfa í 100% starf. Áætlaður viðbótarkostnaður fyrir árið 2017 er um kr. 1.700.000.

Bæjarráð samþykkir aukningu á stöðuhlutfalli við Fjöliðjuna vegna ársins 2017. Kostnaði vegna þessa verður ráðstafað af lið 20830-4995.

Gert verður ráð fyrir auknum launaútgjöldum í Fjöliðunni vegna ársins 2018 til samræmis við samþykkt bæjarráðs nú.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:30.


Gunnar Ólafsson
Freyr Þórhilsson
Vilborg P. Guðbjartsdóttir
Jónas Þórhilsson Valdimarsson
Móðumey Karl Guðjónsson
Rauði Ósvaldsson
Sæðis Alexia Sigurmundsdóttir